



## Félag háskólakennara

### 7. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2021/2022, haldinn mánudaginn 5. janúar 2022

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarioh, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Berglind Eva Benediktsdóttir, Íris Davíðsdóttir og Guðmundur Ingi Guðmundsson. Forföll boðuðu: Pontus Eik Gunnar Jarvstad, Ármann Höskuldsson og Sævar Ingþórsson. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 1. desember 2021.
2. Samráðsnefnd um kjaramál, 3. desember 2021.
3. Kjaramál, skoðanakönnun meðal félagsmanna.
4. Breytingar á Matskerfi opinberu háskólanna.
5. Endurskoðaðar reglur Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara með gildistöku 1. janúar 2022.
6. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu BEB.
7. Fréttir af BHM, ÍD.
- I) Norrænn fundur, 7. - 9. júní 2022.

#### 1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 1. desember 2022

Fundargerðin var samþykkt með orðalagsbreytingu á dagskrálið annarra mála.

#### 2. Samráðsnefnd 3. desember 2021

Baldvin sagði frá fundinum. Félagið hafði sent inn eftirfarandi dagskráefni fyrir fundinn:

- Skúffuskjal.
- Launaröðun doktorsnema, samræming, Ragnhildur Í.
- Umboðsmaður doktorsnema.
- Fjöldatölur stundakennara.
- Greiðslur vegna umbunar, Jenný.
- Reglur um fjarvinnu.
- Þrep fyrir kennslufræðinámskeið (frestað frá síðasta fundi).
- Aðstæður starfsfólks á FVS vegna leka fyrir ári síðan.
- Könnun um styttingu vinnuvikunnar.
- Yfirvinna akademískra starfsmanna hjá læknadeild.

Málin rædd og ákveðið var að taka upp efni „skúffuskjalsins“ í komandi kjarasamningsgerð 2023, ásamt því að yfirvinna verði greidd eftir réttum yfirvinnutaxta. Þá var einnig ákveðið að taka upp þrep vegna kennslufræðinámskeiðs í stofnanasamningsgerð.

#### 3. Kjaramál, skoðanakönnun meðal félagsmanna

Formaður og framkvæmdastjóri falið að klára könnunina og senda á félagsmenn í mánuðinum.

#### 4. Breytingar á Matskerfi opinberu háskólanna

Tölvupóstur hafði verið sendur til stjórnarmanna þegar að tilkynning um breytingar lágu fyrir. Rætt lítillega.

**5. Endurskoðaðar reglur Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara með gildistöku 1. janúar 2022**

Íris formaður SFH kynnti breytingarnar sem stjórn SFH hafði samþykkt á fundi, 17. desember síðastliðinn. Málið rætt og fram kom ánægja með breytingarnar.

**6. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu**

Berglind sagði frá því að sennilega yrði haldinn síðasti fundur nefndarinnar sama dag, þar sem ætlunin er að fínþússa textann og ná niðurstöðu um það sem út af stendur. Fyrirhugað er að nefndin skili skýrslunni af sér til háskólaráðs fljótlega eftir það.

**7. Fréttir af BHM**

Íris stjórnarmaður BHM sagði frá vinnu í umbótahóp og fyrirhuguðum stefnumótunarþingi þann 25. febrúar nk.

**Önnur mál:**

i) Norrænn fundur, 7. - 9. júní 2022

Ákveðið var á sameiginlegum teamsfundi landanna að halda fundinn Danmörku dagana 7. – 9. júní nk. Rætt var um að Fh muni halda því áfram á lofti að halda fundinn á ensku.

ii) Námskeið ríkissáttasemjara sem stjórn Fh er skráð á verður dagana 14. – 16. mars nk.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk kl. 13:15

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 2. febrúar 2022.